

Innviðaráðuneytið

Skrifstofa samgangna

irn@irn.is



Reykjavík 22. mars 2023

Efni: Umsögn um drög að reglugerð um leigubifreiðaaakstur

Í samráðsgátt stjórnvalda birtust 9. mars 2023 drög að reglugerð um leigubifreiðaaakstur. Drögin af reglugerðinni eru sett fram í kjölfarið af nýjum heildarlögum um leigubifreiðaaakstur, nr. 120/2022.

Samtök ferðaþjónustunnar taka undir þau stef sem lögnum er ætlað að gera, auka samkeppni, betri þjónustu og betra verð. Breytingunum var ætlað að vera í meira átt að frjálslyndi og því líklegra að vera til hagsbóta fyrir samfélagið allt. Lögnum er ætlað að opna fyrirkomulag leyfisveitinga með því að sjá fyrir að aðgangur að leigubifreiðum aukist. Á síðastliðnum misserum þá hefur verið skortur á leigubifreiðum yfir háanna tíma sólarhringsins og vonandi munu lögin og reglugerð þessi opna markaðinn til muna. Til þess að það náist þá má reglugerðin og kerfið sem starfar eftir henni ekki bera með sér leynda annmarka og aðgangshindranir.

Námskeið um leigubifreiðaaakstur og önnur námskeið

Í reglugerðinni er gerð krafa um að umsækjandi um rekstrarleyfi skuli m.a. hafa lokið námskeiðum um leigubifreiðaaakstur. Í sjálfu sér er ekkert að því að í reglugerð og lögum sé slík krafa gerð. Hins vegar getur námskeiðið sjálft og áherslur námskeiðsins verið aðgangshindrun. Það er alveg ljóst að námskeiðið þarf að endurskoða, þ.e. áherslur þess, kostnað, hvernig og hver kennir það.

Fjöldi námskeiða og kostnað við að sækja þau eiga ekki að vera til þess að fólk hvumsa og hætti við að fara inná nýjan starfsvettvang. Í dag má reikna með að kostnaður við að fá leyfi sé um 500.000 kr. með öllu. Í kjölfarið þarf svo að greiða ýmis önnur gjöld. Fyrirkomulag í kringum námskeið og hver heldur námskeið er að mörgu leyti óaðgengileg. Rannsóknir, kennsla og gögn til kennslu eru frá upphafi aldarinnar, margt hefur gerst á þeim tíma í bæði rannsóknnum og tækni svo fátt eitt sé nefnt. Samtökin telja að þessi námskeið séu algjörlega barn síns tíma og óþarfi eins og þau eru sett upp í dag.

Til þess að þetta frjálsslyndi sem sett er fram í lögnum eigi að nást þá þarf umhverfið að fylgja lögnum en ekki vera áframhaldandi aðgangshindrun. Ráðuneytið getur í framhaldinu af setningu þessarar reglugerðar ekki eingöngu vísað á undirstofnun og segja að þetta sé þeirra verk heldur verður ráðuneytið að fylgja málinu eftir og fylgja því úr hlaði svo það frjálsslyndi sem til var ætlast náist.

Ef kerfið í kringum leigubifreiðaakstur breytist ekkert þá er alveg ljóst að þessi lagabreyting og setning þessarar reglugerðar er alveg tilgangslaus.

Samtökin áskilja sér rétt til að koma með frekari ábendingar á síðari stigum

Virðingarfyllst

F.h. Samtaka ferðaþjónustunnar



Baldur Sigmundsson, lögfræðingur



Gunnar Valur Sveinsson, verkefnastjóri